

Ed.

250. Frumvarp til laga

[176. mál]

um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi 1970.)

1. gr.

Nú er í lögum heimilað að innheimta fyrirfram upp í opinber gjöld allt að 50% af gjöldum næstliðins árs og má þá hækka þann hundraðshluta, ef kaupgjald hefur almennt hækkað, um 15% eða meira árið áður samkvæmt úrskurði fjármálaráðuneytisins að fengnum tillögum Efnahagsstofnunarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum eru almennar heimildir til að innheimta fyrirfram á gjaldári, með fimm jöfnum, mánaðarlegum greiðslum upp í útsvar og skatta, fjárhæð, sem nemur 50% af upphæð þessara gjalda hjá hverjum gjaldanda næstliðið ár.

Þar eð fyrirframinnheimtan er miðuð við álagða skatta fyrra árs, sem aftur á móti byggjast á tekjum ársins þar á undan, getur svo farið á tímum örra kaupgjalds- og tekjubreytinga, að sú upphæð, sem innheimt er á fyrra helmingi árs, reynist töluvert undir 50% af álögðum gjöldum, og verður þá að innheimta hlutfallslega meira á síðari hluta árs. Er slíkt bagalegt bæði fyrir hið opinbera og ekki síður fyrir gjaldendur, svo sem dæmi eru um.

Ákvæði frumvarps þessa miða að því að bæta úr þessum ágalla og jafna greiðsluþyrði gjaldanda milli fyrra og síðara ársheimings.

Gert er ráð fyrir, að fjármálaráðuneytið úrskurði fyrir lok hvers árs, hver hundraðshluti fyrirframinnheimtu megi hæstur vera á komandi ári.